

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2018

**Efni: Umsögn Dýralæknafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Matvælastofnun.**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á lögum um Matvælastofnun (hér eftir nefnt frumvarp) sem sem lagt hefur verið fram á 148. löggjafarþingi 2017-2018, 331. mál.

**Athugasemdir og tillögur við frumvarpið**

DÍ gerir ekki athugasemdir við 1.gr. og 2.gr. frumvarpsdraganna.

Texti í annarri málsgrein 3.gr. frumvarpsdraganna:

*"Ráðherra setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin í lögum. Yfirdýralæknir heyrir undir forstjóra."*

Að hluta til hefur verið tekið tillit til umsagnar DÍ um frumvarpsdrögin sem send var ráðuneytinu í ágúst 2017 (sjá viðauka). Telur félagið þó að enn sé valdsvið yfirdýralækni ekki nægilega skýrt, þar sem meiningin er að embættið heyrir undir forstjóra. Nýleg dæmi sýna að þörf er á að skýra valdsvið yfirdýralækni betur og upp hafa komið mál þar sem fagleg sjónarmið yfirdýralækni hafa þurft

að lúta fyrir álit forstjóra. DÍ telur mikilvægt að yfirdýralæknir sé æðsti ábyrgðar- og ákvörðunaraðili málaflokks dýraheilbrigðis og dýravelferðar.

Tillaga DÍ að texta er því:

"Ráðherra setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin í lögum og heyrir yfirdýralæknir beint undir ráðherra."

DÍ telur, að verði farið að þessum breytingatillögum, þá sé hægt að fallast á að einhver annar sviðsstjóri en yfirdýralæknir sé staðgengill forstjóra, enda hafi yfirdýralæknir þá faglegt vald yfir eigin málaflokki og stjórnsýslulegt ákvörðunarvald hvað varðar dýraheilbrigði og dýravelferð.

#### 4. gr. frumvarpsdraganna:

DÍ telur ekki þörf á að festa í lög fagráð um starfsemi Matvælastofnunar. Nú þegar starfar samráðsnefnd milli Matvælastofnunar og Bændasamtaka Íslands auk þess sem fulltrúar Matvælastofnunar hafa iðulega verið viðstaddir fundi hinna ýmsu samtaka, veitt upplýsingar og svarað fyrirspurnum er varða viðkomandi greinar. Slíkt fagráð mun að mati DÍ eingöngu auka flækjustig í samskiptum við hagsmunaaðila.

DÍ leggur til að 4. gr. frumvarpsdraganna falli brott.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands



Charlotta Oddsdóttir, formaður